



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2023  
MÍ202311-0130 / 0461 / 0.01 / G.Ó.

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu nærumhverfis Stjórnarráðshússins

Með tölvupósti 27. nóvember 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis var Minjastofnun Íslands send umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu nærumhverfis Stjórnarráðshússins.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg sé eitt hinna gömlu steinhúsa frá 18. öld og skipi sér í hóp merkra menningarminja í íslenskri byggingarsögu. Húsið sé friðað. Lagt sé til að lóð ríkisins við Stjórnarráðshúsið og annað nærumhverfi þess verði friðlýst, en í því felist að ekki verði reist bygging í næsta nágrenni þess sem raskað gæti stöðu þess eða varpað skugga á það að einhverju leyti. Fyrirhuguð stækkun Stjórnarráðshússins yrði þannig óheimil með samþykkt þessarar tillögu.

Stjórnarráðshúsið var friðað í B-flokki af menntamálaráðherra 14. desember 1973 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þágildandi þjóðminjalaga nr. 52/1969. Húsið er hlaðið steinhús reist 1765-1770. Hönnuður þess er Georg David Anthon hirðarkitekt. Gluggum og herbergjaskipan var breytt 1819-1820 þegar tukhúsinu var breytt í stiftamtmannbústað. Miðjukvistur var gerður á framhlið 1866 og hönnuður þess var Sverrir Runólfsson, steinsmiður.

Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 er Stjórnarráðshúsið friðlýst og nýtur verndar sem slíkt. Friðlýsingin tekur til ytra byrðis hússins en nær hvorki til umhverfi þess né innra byrðis.

Minjastofnun Íslands hefur áður fjallað um málefni baklóðar Stjórnarráðshússins í tengslum við fyrirhugaða viðbyggingu. Í umsögn stofnunarinnar frá 2014 kom fram að miklar kröfur yrðu gerðar til hönnunar viðbyggingar Stjórnarráðshússins. Þá gerði stofnunin kröfu um að fornleifarannsókn færi fram áður en framkvæmdir hæfust og var þeirri rannsókn lokið 2020. Í umsögn um deiliskipulagstillögu vegna viðbyggingarinnar, árið 2021, kom

Gísli Óskarsson  
Lögfræðingur  
gisli@minjastofnun.is

fram að Minjastofnun gerði ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna en gerði þá kröfu að hún fengi aðaluppdrætti viðbyggingarinnar til umsagnar.

Á fundi húsafriðunarnefndar árið 2020 var málefni viðbyggingar Stjórnarráðshússins til umfjöllunar og niðurstöður úr samkeppni um nefnda viðbyggingu skoðaðar. Uppdrættir viðbyggingar hafa þó ekki borist nefndinni til skoðunar enda hönnun hússins ekki lokið.

Af hálfu Minjastofnunar er tekið undir það að húsið, sem er friðlýst, hafi mikið menningarsögulegt gildi. Mikilvægt er að það hafi áfram hlutverki að gegna sem sæmir stöðu þess. Vanda þarf til verka við fyrirhugaða viðbyggingu ef af verður þannig að húsið fái að njóta sín. Eins og fram kom í umsögn stofnunarinnar frá 2014 þyrfti að gera miklar kröfur til hönnunar viðbyggingar Stjórnarráðshússins hvað varðar umfang, hæð, form og efnisval. Eðli málsins samkvæmt yrðu þær að vera mjög hófstílltar í mælikvarða og mynda hlutlausan og lítt áberandi bakgrunn við Stjórnarráðshúsið.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,



Gísli Óskarsson  
Sviðsstjóri lögfræðisviðs